



The Tick / Paddan (útileguleikur).

Snilldarleikur, allir eru á barmi taugaáfalls í vænisýki sinni.

Yfirlit:

Þátttakendur lauma "pöddunni" á hvorn annan á þess að einhver verði þess var.

Hvað þarftu:

Skreytt klemma sem er paddan og viðeigandi refsingar fyrir að hafa pödduna í sínum fórum. Lágmark 10 þátttakendur.

Hvað á að gera:

Paddann á að ganga á milli manna, leikstjórnandi kemur pöddunni yfirleitt af stað. Sá sem er með pödduna þegar leikjastjórnandi kallar hana inn (sem gerist í máttmálstímum í útilegum) verður að taka út refsingu. Flestar refsingar eru skrítnar og skemmtilegar en ein þarf að vera sérlega góð (þ.e. verðlaun) fyrir þann sem hlýtur hana. Það er bara til að auka vænisýkina í hinum. Refsingar geta t.d. verið að syngja óperu einn, taka dansspor, hella glasi af vatni yfir hausin á sér o.s.frv.



Sígild refsing.

- A. Pödduna má bara setja á klæði og hluti þar sem hún sést. T.d. ekki setja pödduna ofan í afvikið hólf á tösku.
- B. Pödduna má bara setja á klæði og hluti hjá einhverjum sem maður **veit nafnið á** (svo hægt sé að rekja ferð hennar). Enginn má skorast undan refsingu. Ef einhver setur pödduna á einstakling sem menn vita ekki nafnið á þá verður sá hin sami að taka út refsingu líkt og hann sjálfur hefði verið með pödduna.